



## Annar fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2012 til 2013

**haldinn 05.12.2012. kl. 08:10**

Fundarstjóri: Erla Guðjónsdóttir.

Fundaritari: Valdimar Víðisson.

Mættir: Erla Guðjónsdóttir – skólastjóri, Valdimar Víðisson – aðstoðarskólastjóri, Jón Guðmar Jónsson – fulltrúi grenndarsamfélags, Guðrún Einarsdóttir – fulltrúi kennara, Eva Egilsdóttir – fulltrúi kennara, Sigurveig Þormar – fulltrúi annarra starfsmanna, Halldóra Hinriksdóttir – fulltrúi foreldra. Hanna Þráinsdóttir – fulltrúi nemenda, Elfa Rún Björnsdóttir – fulltrúi nemenda og Óli Gunnar Gunnarsson – fulltrúi nemenda. Forföll: Ingibjörg Gunnarsdóttir – fulltrúi foreldra.

### Dagskrá:

- 1. Umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðar.** Skýrsla starfshóps umhverfis- og framkvæmdasviðs

Skólaráði Öldutúnsskóla hefur borist ofangreind skýrsla og óskað hefur verið eftir umfjöllun ráðsins um hana. Eftirfarandi eru athugasemdir og ábendingar skólaráðs á fundi þess 5. desember 2012

- **Kafli 2**

**Hvatning til útivistar og náttúruupplifunar.** Skólaráð Öldutúnsskóla vekur athygli á því að það vantar hjólreiða- og göngustíg frá bænum að skógræktinni og Hvaleyrarvatni til að það geti heitið öruggt fyrir börn að komast þangað hjólandi eða fótgangandi.

**Orkusparnaður.** „Ráðist hefur verið í átak til orkusparnaðar í byggingum sem bæjarfélagið notar í rekstri sínum.“ Skólaráði Öldutúnsskóla hefur ekki borist yfirlit um framkvæmd eða framkvæmdaáætlun um það hvernig þessum atriðum er háttað í skólanum og hér með er óskað eftir því að ráðið fá það til umfjöllunar þannig að það geti fylgst með því hvernig þessu mikilvæga atriði er háttað.

- **Kafli 3**

**Flokkun og endurvinnsla úrgangs.** Flokkun á sér langa hefð í Öldutúnsskóla sem hefur átt umhverfisstefnu í rúman áratug og er Grænfánaskóli. Það er mikilvægt að stofnanir sem eru umhverfisvænar á þennan hátt fái góðan stuðning af hendi bæjarins þeim að kostnaðarlausu. Gerð verði greining á því hvaða stuðning stofnanir þurfa og leitast við að koma til móts við það.

**Útivist og náttúruupplifun.** Sama á hér við og lið 1 við athugasemdir kafla 2.

**Umhverfisfræðsla.** Skólaráð er hlynnt því að allar stofnanir hafi eigin umhverfisstefnu og viðhaldi öflugri fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur.

2. **Skipulag jólaskemmtana hjá unglिंगadeild.** Eins og fram kemur í skjölum sem send eru með fundarboðinu er sveigjanleiki til að færa til skóladag, t.d. með því að nemendur mæti á kvöldskemmtun sama dag venjulegur skóladagur er og telja það til tveggja skóladaga ef skólasamfélagið heimilar það. Skólastjórar hafa fjallað um þetta á fundi með fræðslustjóra og þar var samþykkt að leggja fyrir skólaráðin ósk um svona tilflutning varðandi unglिंगadeildina þann 19. desember nk. Sú hefð hefur skapast að nemendur og kennarar hafa sameiginlega kvöldskemmtun fyrir jólaleyfi og hefur verið ánægja með það. Það ræktar jákvæð sambönd með nemendum og kennurum að geta dansað og skemmt sér saman. Kennarar eru tilbúnir að færa dagvinnutíma sinn frá fimmtudeginum til miðvikudagskvölds án aukakostnaðar. Þess er farið á leit við skólaráð að það samþykki fyrir sitt leyti tilfærslu jólaskemmtunar 8. til 10. bekkja frá 20. desember til hins 19. að kvöldi og þar með verði nemendur þessara bekkja komnir í jólaleyfi. Bréf sem lýsir samþykki skólaráðs er undirritað og mun verða sent til fræðslustjóra Hafnarfjarðarbæjar.
3. Umfjöllun um skólanámskrá. Skólaráð var með málið til umfjöllunar á síðasta fundi þess og sendir nú frá sér skriflega staðfestingu á því til fræðslustjóra þar sem ekki þótti nægjanlegt að það kæmi fram í fundargerð ráðsins.
4. Önnur mál.
  - a. Skólaráð fundi með stjórn nemendafélagsins a.m.k. einu sinni á ári. Fundur verði í mars 2013. Stjórn nemendafélagsins undirbýr dagskrá og óskað er eftir því að fulltrúar skólans í ungmennaráði Hafnarfjarðar verði einnig boðaðir.
  - b. Moltan: Hvernig er hún nýtt fyrir skólann? Fyrirspurn send til umhverfisnefndar.
  - c. Umræða um þá nemendur sem eru ekki í boltaíþróttum. Nauðsynlegt að styðja við þann hóp.
  - d. Skólalóðin: Vantar fleiri „pókóvelli“. Óskað eftir því að stjórn nemendafélagsins taki það til umræðu á sínum fundi. Mála „pókóvelli“ í vor.
  - e. Tónlistarherbergið: Nemendafulltrúar óska eftir því að fleiri fái aðgengi að því. Verður skoðað með stjórn nemendafélagsins.
  - f. Gaflaraleikhúsið: Mikil ánægja með þessa valgrein á unglिंगastigi. Nemendur í 8. bekk sem fá eina kennslustund á viku óska eftir því að fá áframhaldandi tíma eftir áramót. Skólastjóri er að vinna í málinu.
  - g. Sófar í miðrymi skólans. Fyrirspurn frá fulltrúum nemenda. Það er verið að laga sófana. Þeir koma í byrjun janúar. Miðrymi skiptir máli fyrir andann í unglिंगadeild, meiri samskipti á milli árganga. Gulrót fyrir unglिंगana, ef sófinn verður heill í vor þá fá nemendur einhverjar umbun. Ná upp samstöðu meðal unglिंगa um umgengni.
  - h. Nemendafulltrúar mæla með myndinni „Bully“ fyrir nemendur og hún verði sýnd á skólatíma. Myndin fjallar um einelti. Biðja bókasafnið um að kaupa eintak af myndinni.
  - i. Umræða um keppni í íþróttum. Mikil áhersla á að ala upp afreksfólk. Ábending frá fulltrúa nemenda í 9. bekk um að það væri of mikil áhersla á boltaíþróttir í leikfimi. Fulltrúa nemenda í 10. bekk finnst vera fjölbreytileiki í íþróttum, mun meiri fjölbreytileiki heldur en t.d. í miðdeild. Nemendum fannst gaman þegar það er eitthvað öðruvísi eins og yoga, Tai Kwon Do og fleira.

- j. Umræða um notkun Ipod í kennslustund. Skólastjóri fór yfir hvers vegna reglan er svona og benti á að þessi umræða s upplagt bekkjarfundarefni.

Næsti fundur áætlaður 15. janúar 2013.

Fundi slitið klukkan 09:25  
Valdimar Víðisson